



22070139

ICELANDIC A1 – STANDARD LEVEL – PAPER 1
ISLANDAIS A1 – NIVEAU MOYEN – ÉPREUVE 1
ISLANDÉS A1 – NIVEL MEDIO – PRUEBA 1

Monday 14 May 2007 (morning)

Lundi 14 mai 2007 (matin)

Lunes 14 de mayo de 2007 (mañana)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

INSTRUCTIONS TO CANDIDATES

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a commentary on one passage only. It is not compulsory for you to respond directly to the guiding questions provided. However, you may use them if you wish.

INSTRUCTIONS DESTINÉES AUX CANDIDATS

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire sur un seul des passages. Le commentaire ne doit pas nécessairement répondre aux questions d'orientation fournies. Vous pouvez toutefois les utiliser si vous le désirez.

INSTRUCCIONES PARA LOS ALUMNOS

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario sobre un solo fragmento. No es obligatorio responder directamente a las preguntas que se ofrecen a modo de guía. Sin embargo, puede usarlas si lo desea.

Fjallið um **annan** af eftirfarandi textum:

1. (a)

Síðan eru liðin 600 ár. Það gera 219 þúsund daga, jafnmargar sólar hafa klifrað upp á himininn og sigið í mar. Hver mánuður ber með sér nýtt tungl, 7200 mánar hafa vaxið, orðið fullir og fjarað út. Og svo náttúrlega stjörnurnar sem myrkrið kveikir og dagsbirtan hverfir sjónum – en eru staðfastlega til staðar fyrir því.

- 5 Afstæðiskenning Einsteins breytti alheimi í tímavél. Í stað veraldar sem hafði staðið óhögguguð um aldur birtist heimur sem var í þenslu í allar áttir. Sem þýddi að ef spólað var til baka dróst sköpunin saman uns hundruð milljóna vetrarbrauta með hundruðum milljóna sólkerfa og hundruðum milljarða hnatta voru samanþjöppuð í einn orkupunkt sem engin hugtök né kvarðar ná að lýsa né heldur sprengingunni sem fæddi af sér veröldina og erfitt er að orða betur en *Genesis*:
- 10 Verði ljós! Ljosið hendist um þessar víðáttur með mesta hugsanlegum hraða og til marks um gríðarleik vegalengdanna að stjörnurnar sem við virðum fyrir okkur eru margar hverjar slokknaðar fyrir milljónum ára, tíðindin hafa bara ekki borist okkur enn, þær halda áfram að ljóma eins og ekkert hafi í skorist. Meira að segja granni okkar – sólin – þrátt fyrir 300 þúsund kílómetra á sekúndu tekur það ljosið 8¹/₂ mínútu að berast frá henni til jarðar. Ef sólin slokknaði gætum við
- 15 samt verið í sólbaði á níundu mínútu (sem er ekki svo lítið þegar Ísland á í hlut).

En það má líka snúa dæminu við og skoða jörðina frá mismunandi fjarlægðum í himingeimnum: okkur gæfist þá sýn til jarðar eins og hún var fyrir öldum, árþúsundum, ármilljónum, í árdaga. Allt sem hefur gerst er enn að gerast – frá einhverri annarri stjörnu séð!

* * *

- Þau gengu af stað. Niðrímótið togaði í þau af vaxandi þunga þar til þau voru tekin að hlaupa, á köflum var ferðamátinn líkur óstýrilátum dansi uns Gró um síðir endastakkst. Natan kom í kjölfarið og magalenti við hliðina á henni. Þau þrýstu andlitum í mosann, litu upp og hlógu. Ef þau hefðu verið búin að sjá 1400 bandarískar bíómyndir hefðu þau kysst.

Þau gengu upp og niður af mæði.

- Því næst fylgdu þau ánni sem hélt áfram að grafa gil og velta grjóti og búa til fossa og skoppa
- 25 á flúðum. Á einum stað hafði berggangur myndað svolítið þil. Handan við stóðu þau augliti til auglitis við mann sem vaktu yfir dulitlum fjárhópi og konu sem sat á hækjum sér tutlandi kind. Niðurinn frá ánni hafði numið burt hljóðin og fyrir bragðið virtist öllum verða jafnhverft við, aðkomufólkinu, manninum, konunni og síðast en ekki síst skjátunum sem stukku af stað. Maðurinn og konan forðuðu sér sömu leið, en fatan lá eftir á hliðinni og gæddi sverðinum á hinum
- 30 dýrmæta vökva.

Bíðið! kölluðu þau, en án árangurs, og skiptu við svo búíð lögginni sem eftir sat systkinalega á milli sín.

Pétur Gunnarsson, *Vélar tímans* 2004

- Hvernig er fjallað um tímann í textanum?
- Hvað geturðu sagt um byggingu þessara tveggja brota?
- Hvernig er tungumálið notað í textanum til að skapa andrúmsloft?
- Hvaða áhrif hafa umhverfislýsingarnar í textanum?

1. (b)

IX

Sé afskræmt af fyrirferð
í fylgsnum hjarta þíns stolt
mannanna: auðæfi, afl,
eilíft líf, turn og vél,
5 þá skaltu þangað burt
sem þrútið af villtri heift
úthafið opnar sitt gin
og ærist á þröngri vík,
bítur í blakka strönd
10 beittum tönnum og klett
nagar, bryðjandi blátt
botngrjót og smjattar af sæld
í löðurútsogi, ært
af illu hungri sem sleikir
15 út um: hjá hömrunum hátt
við himin ber rjúkandi tungu
er freyðandi æðir sem ör um endilöng hamrastál.

Njóttu hins lokkandi leiks
þegar landið og hafið berjast,
20 jötunefld jörðin sjálf,
því jafnskjótt finnurðu stolt
mannanna: auðæfi, afl,
eilíft líf, turn og vél,
breytast í borg úr spilum.

Hannes Pétursson, *Í sumardölum* 1959

- Hvers konar náttúrumynd er sett fram í ljóðinu?
- Hvers konar myndmál er notað í ljóðinu?
- Hvernig er tungumálinu beitt í ljóðinu?
- Hvert finnst þér vera þema ljóðsins og sjónarhorn?